

Fab Lab Húsavík Ársskýrsla 2022



Hraðið
miðstöð
nýsköpunar

Fab Lab Húsavík opnaði að Hafnarstétt 1 í lok árs 2021. Smiðjan er hluti af samstarfsneti viðurkenndra Fab Lab smiðja um allan heim og búin fullkomnum tækjabúnaði og tölvum sem efla færni notenda til nýsköpunar og skapa samkeppnishæfara samfélag. FabLab Húsavík er opið almenningi, fyrirtækjum, frumkvöðlum og nemendum alla virka daga samkvæmt auglýstri dagskrá.

Teymið



Stefán Pétur Sólveigarson er verkefnisstjóri Fab Lab Húsavík og fer með daglega stjórnun smiðjunnar. Stefán er vöruhönnuður að mennt og hefur mikla reynslu sem frumkvöðull og í notkun tækjabúnaðar Fab Lab smiðja.

stefan@hac.is
s. 861-0057




Huld Hafliðadóttir er starfsmaður Fab Lab Húsavík í 20% stöðu og felst hlutverk hennar í aðstoð við verkefni smiðjunnar auk þess að vera tengiliður skólanna við Fab Labið.

huld@hac.is
s. 698-0489

Aðrir starfsmenn og stjórnarmenn Þekkingarnets Þingeyinga sinna auk þess ýmsum störfum sem tengjast Fab Lab Húsavík, s.s. með setu í stýrihópi Fab Labsins, bókhaldsgerð, fjármögnun, kynningarstarfi ofl. Kennararnir Karin Gerhartl (Borgarhólsskóli) og Sigurður Narfi Rúnarsson (FSH) hafa auk þess starfað í Fab Labinu og sinnt þjónustu við nemendur grunn- og framhaldsskóla.

Staðsetning

Fab Lab Húsavík er rekið innan Hraðsins miðstöðvar nýsköpunar og staðsett á Stéttinni í hjarta miðbæjarins á Húsavík.



Hraðið miðstöð nýsköpunar



Fab Lab Húsavík er hluti af Hraðinu, miðstöð nýsköpunar. Hraðið er heimavöllur frumkvöðla, stofnana og fyrirtækja sem vinna að nýsköpun með einum eða öðrum hætti. Hraðið er jafnframt hluti af líflegu samfélagi stofnana og aðila sem starfa við rannsóknir, nýsköpun, símenntun og atvinnuþróun á Stéttinni á Húsavík.

Í Hraðinu er hvetjandi starfsumhverfi fyrir fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir sem starfa við skapandi verkefni. Fólk og fyrirtæki sem heimsækja Hraðið hafa aðgengi að FabLab Húsavík þar sem aðstaða er nýtt til að koma hugmyndum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni. Fólk hefur jafnframt aðgang að fundarýmum, skrifborðsaðstöðu, kennslustofu, þráðlausu neti, prentþjónustu og notalegri kaffiaðstöðu.



Frumkvöðlarými



Stúdíó



Skapandi samfélag



FabLab



Fundaaðstaða



Kennslurými



Þjálfun og fræðsla í Fab Lab smiðjum hefur það markmið að undirbúa notendur fyrir störf framtíðarinnar. Í kjölfar mikilla tæknibreytinga og sjálfvirknivæðingar undanfarin ár hafa umbyltingar átt sér stað víða í samfélaginu. Þessar framfarir í tækni hafa verið kenndar við fjórðu iðnbyltinguna og stjórnvöld um allan heim keppast nú við að efla menntun og færni fólks á þessu sviði til að auka verðmætasköpun í samfélaginu.

Á Íslandi er hlutfall þeirra sem eru menntaðir á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði (STEM greina) töluvert lægra en í öðrum Evrópulöndum og því miða áherslur íslenskra stjórnvalda að því að efla færni fólks í þeim til að geta mætt þessari þróun. FabLab smiðjur eru mikilvægt tæki menntastofnana til að efla færni í þessum greinum og Fab Lab Húsavík á í góðu samstarfi við öll skólastig á svæðinu og er samstarfsaðili fræðslunetsins STEM Húsavík.

Fab Lab Húsavík er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi. Jafnframt er það hluti af alþjóðaneti Fab Lab smiðja um allan heim.


Fab Lab Ísland leiðir samstarf smiðjanna hérlendis með það að markmiði að tryggja þekkingaryfirfærslu og faglega þróun starfsmanna.



Markmið FabLab Húsavík



að skapa vettvang fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf í atvinnulífi á nærsvæði Húsavíkur



að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, nemenda og menntastofnana í nærsamfélagi



að styðja við starfsemi frumkvöðlaseturs og þekkingarklasa á Húsavík

Starfsemin 2022


Árið einkenndist af framkvæmdum og uppbyggingu þekkingarklasans Stéttarinnar á Húsavík sem Fab Labið er hluti af. Í desember opnaði Stéttin með formlegum hætti og hýsir nú líflegt samfélag stofnana og aðila sem starfa við rannsóknir, nýsköpun, símenntun og atvinnuþróun.

Meðal þeirra stofnana sem þar starfa í dag eru Þekkingarnet Þingeyinga, Náttúrustofa Norðausturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Hraðið miðstöð nýsköpunar og fjöldi annarra fyrirtækja sem starfa innan Hraðsins. Sú samsuða og samtál sem þar skapast með sambýlinu stuðlar að óhindruðu flæði hugmynda og nýsköpunar milli frumkvöðla, menntastofnana, vísinda og atvinnulífsins.

Með því að smella á myndina má sjá myndband af opnun Stéttarinnar þann 9. desember 2022.



Myndband af opnun Stéttarinnar 9. des. 2022



Kynningarstarf

Á þessu fyrsta starfsári Fab Lab Húsavík var mikil áhersla lögð á kynningarstarf. Rúmlega 500 gestir heimsóttu Fab Labið á árinu á sérstökum kynningum sem haldnar voru fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Auk þess voru haldin námskeið fyrir kennara grunnskóla og framhaldsskóla, eldri borgara og aðra einstaklinga.

Áfram verður áhersla lögð á kynningu Fab Labsins enda er markmið þess að þjónusta smiðjunnar nýtist sem flestum.



Námskeið og fræðsla

Fjölbreytt kennsla og þjálfun fer fram í Fab Lab Húsavík fyrir nemendur allra skólastiga, atvinnulífið og aðra. Þjálfunin miðar að því að skapa samkeppnishæfara samfélag með því að efla færni íbúa í notkun stafrænnar framleiðslutækni og stuðla að nýsköpun.

Megináhersla Fab Lab Húsavík í fræðslu á árinu var að þjálfra kennara í notkun tækjabúnaðar til að nota í kennslu. Samstarf við skólana gekk vel og stefnt er að áframhaldandi áherslu á að kenna grunnnámskeið í tvívíðri og þrívíðri teiknun, vínyl og laser véla þekkingu og starfræna hönnun.

Bootcamp á Ísafirði var haldið fyrir starfsfólk Fab Lab smiðjanna á Íslandi á árinu þar sem stjórnendur allra Fab Lab smiðja hittust í 3 daga og fóru yfir starfssemi, framtíð og sérverkefni.

Fjölbreytt námskeið verða haldin á árinu 2023 sem lýst er í starfsáætlun á bls. 15. Námsefni um tækjabúnað, hugbúnað og verkefnakveikjur hjá Fab Lab Ísland má finna á <https://fablab.is/>



STEM Húsavík



STEM Húsavík er þverfaglegt fræðslunet með áherslu á samfélagsþátttöku í STEM tengdum verkefnum. Það var formlega stofnað í maí 2022 og er hýst af Hraðinu, miðstöð nýsköpunar. Markmið STEM Húsavík er að efla íbúa og byggja upp færni með því að tengja saman fjölbreyttar auðlindir, náttúru og samfélag. STEM Húsavík starfar eftir áhrifaríku líkani STEM Learning Ecosystems og eru Fab Lab Húsavík, Hraðið og Þekkingarnet Þingeyinga, ásamt fjölmörgum nærliggjandi stofnunum aðilar að fræðslunetinu. Lagt er upp með gagnvirkri þátttöku og virku námsvistkerfi.

Fab Lab Húsavík hefur unnið náið með STEM Húsavík frá stofnun, m.a. með setu í ráðgefandi stjórn STEM Húsavík og helstu samstarfsverkefni ársins voru kynningar og vinnustofur í Fab Labinu. Einnig kom STEM Húsavík, ásamt Þekkingarneti Þingeyinga, að aðstoð, undirbúningi og umsjón með alþjóðlegri jarðskjálftaráðstefnu þar sem sérstök áhersla var lögð á samtal milli vísindamanna og nemenda í grunn- og framhaldsskólum. Þá hafa STEM Húsavík og Fab Lab Húsavík sótt um sameiginlega styrki saman til frekara samstarfs.

Grunnskólar

Fab Lab Húsavík leggur áherslu á gott samstarf við grunnskólana í Þingeyjarsýslum. Á árinu voru haldin námskeið fyrir kennara sem voru vel sótt. Í kjölfarið var reglulegum tímum komið á í hverri viku í Fab Labinu hjá unglíngastigi Borgarhólsskóla. Skólar í meiri fjarlægð hafa fengið sendar svokallaðar snjallkistur til að nota á staðnum. Í þeim má finna ýmis kennslugögn sem ætluð eru til að kenna og auka færni nemenda í forritun, kóðun, rafmagnsfræði, rýmisgreind, rökhugsun o.fl. sem allt byggir undir tækniþekkingu og færni barna, viðheldur eðlislægri forvitni þeirra og frumkvöðlahæfileikum.

Allir grunnskólar og framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum hafa fengið boð um að nýta sér aðstöðu Fab Labsins og stefnt er að því að taka á móti þeim á árinu 2023




Verkefni úr Laxdælasögu.
Nemendur á unglíngastigi
Borgarhólsskóla hönnuðu
og laserskáru vopn frá
landnámsöld.
Mynd: borgarholsskoli.is

Framhaldsskólar

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur óheft aðgengi að öllum tækjabúnaði og starfsfólki Fab Labsins og getur bókað fasta tíma í hverri viku í samráði við starfsfólk.

Við kaup á tækjabúnaði voru þarfir framhaldsskólanema sérstaklega hafðar í huga. Útbúin var 10 manna kennslustofa fyrir forritunar-kennslu og fest kaup á tækjabúnaði sem nýtist þessum hópi.



Boðið var upp á sérstakt námskeið fyrir kennara sem fylgja nemendum sínum í Fab Labið og nýta tölvur og tækjabúnað þess við kennslu. Nemendur FSH sóttu á árinu námskeið í Arduino forritun og Python forritun hjá kennara sínum Sigurði Narfa Rúnarssyni. Framhaldsskólarnir á svæðinu eiga beina aðkomu að stjórnun Fab Labsins með fulltrúa sínum í stjórn Þekkingarnetsins.




Samstarfsverkefni

Fab Lab Húsavík tók þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum innanlands og erlendis á árinu.

- Í gegnum Hraðið er Fab Lab Húsavík aðili að regnhlífarsamtökunum Norðanátt. Norðanátt er hreyfiafl sem miðar að því að efla frumkvöðlastarfsemi á Norðurlandi með fjölda viðburða í hringrás nýsköpunar og þannig færa verðmætasköpun nær auðlindunum, þekkingu og hugviti.
- Viðskiptahraðallinn Vaxtarrými er fyrir sprotafyrirtæki og nýsköpun á Norðurlandi með áherslu á sjálfbærni mat, vatn og orku. Hópurinn vann í aðstöðu Hraðisins og Fab Lab Húsavík að verkefnum sínum ásamt mentorum í nóvember.
- Eimur og Fab Lab Húsavík hafa unnið saman við verkefni um samfélagsgróðurhús á Húsavík. Þar er markmiðið að koma á fót gróðurhúsi fyrir samfélagið sem verður að hluta til sjálfvirkt með aðstoð tækni og kennslu nemenda og kennara framhaldsskólans á Húsavík í Fab Lab Húsavík.
- Í samstarfi við frumkvöðul að nafni Josh Klein og framhaldsskólann á Húsavík, útbjó Fab Labið sjálfvirkt matarbox fyrir hrafna. Verkefnið er hluti af atferliskennslu og er nú í fullum gangi í Eyjafjarðarsveit þar sem hrafnar eru farnir að venja komur sínar að boxinu.



- Fab Labið átti samstarf við Hvalasafnið á Húsavík um hönnun beinagrindar af hnísu sem hægt er að taka í sundur og setja saman. Beinagrindin er í kassa og býðst nemendum og kennurum til notkunar í líf- og náttúrufræði.
- Leikskólinn Grænuvellir vann í samstarfi við Fab Labið að hönnun og gerð safnkassa fyrir leikskólann Grænuvelli. Kassarnir nýtast við vettvangskennslu og náttúruskoðun.
- Ýmis önnur verkefni voru unnin í Fab Labinu á árinu. Fab Lab smiðjur á norðurlandi eiga í góðu samstarfi þar sem leitast er við að deila þekkingu og þjálfun við tækjabúnað og kennslu.



Erasmus+

Fab Lab Húsavík er þátttakandi í Evrópuverkefninu SPECIAL, ásamt sjö samstarfsaðilum frá Evrópu. Verkefnið miðar að því að styrkja lífsleikni og „mjúka færni“ (soft skills) hjá ungu fólki sem er ekki í námi eða þjálfun og er án atvinnu (NEET).

Markmiðið er að styðja þau til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði, en hlutverk Fab Lab Húsavík er m.a. að þróa og prufukeyra kennslufni og þjálfunaráætlanir sem sniðnar eru að þörfum markhópsins.

Þekkingarnet Þingeyinga fer með verkefnastjórn í þessu verkefni og hugmyndin að því kviknaði þegar Fab Lab Húsavík opnaði með þeim tækifærum sem því fylgdi.

Heimasíða verkefnisins er: <https://projectspecial.eu>



**Fjármagnað af
Evrópusambandinu**




Opið hús

Á síðari hluta ársins kom Fab Lab Húsavík á reglulegum tímum fyrir almenning í smiðjuna. Þar eru nú auglýst opið hús á hverjum miðvikudegi kl. 15-18.

Góð ásókn hefur verið í þessa tíma og greinileg eftirspurn meðal almennings í aðstoðuna.

Gestir fengu aðstoð við að hanna og prenta límmiða í vinyl skurðarvél smiðjunnar. Einnig var boðið upp á hönnun og skurð í tré með laser skurðarvélinni og sérstök jólasmiðja var í desember. Alls mættu rúmlega 80 gestir í þessa tíma á árinu og voru þeir á öllum aldri. Í kjölfarið hafa smiðjunni borist óskir um sérstök námskeið fyrir almenning sem leitast verður við að mæta.

Karin Gerhart, kennari í Borgarhólsskóla hafði umsjón með nokkrum þessara tíma ásamt starfsfólki Fab Lab Húsavík.



Starfsáætlun 2023

Fab Lab Húsavík mun fylgja öflugu kynningarstarfi ársins 2022 eftir með góðu framboði af námskeiðum og opnu húsi. Hingað til hefur opið hús Fab Labsins verið á miðvikudögum kl. 15:00 til 18:00. Ætlunin er að bæta við öðrum degi fyrir lengra komna sem þurfa minni aðstoð.

Framboð námskeiða mun m.a. fela í sér eftirfarandi:


- Tvívíð teiknun í Inskape - Grunnnámskeið fyrir kennara í öllum grunn og framhaldsskólum á svæðinu. (Tvö námskeið haldin í lok febrúar og byrjun mars)
- Podkast tölvuvinna og klippingarnámskeið í samstarfi við Framhaldsskólann á Húsavík. (Haldið í lok febrúar)
- Sketchup fyrir byrjendur. Námskeið í einfaldri þrívíddarhönnun fyrir allan aldur og alla hópa. (Haldið í lok mars)
- Laserskeri - Grunnnámskeið. Haldið í samstarfi við Fab Lab VMA. (Haldið í apríl)
- Þrívíð hönnun fyrir byrjendur. Haldið í samstarfi við Fab Lab VMA. Markmið að búa til súkkulaðimola sem tengist öðru námskeiði í mótagerð sem verður haldið á haustönn. (Haldið í maí)
- Grunnnámskeið í vinylskurði fyrir límmiða og fatafilmur.

Með haustinu færirst áherslan á stærri viðburði s.s. hakkapon og workshop á vegum Hraðsins. Unnið verður sérstaklega að tengslamyndun í nýsköpunargeiranum og mun verkefnisstjóri sækja viðburði og heimsækja stofnanir, fyrirtæki og samtök í þeim geira.

Rekstur



Fab Lab Húsavík starfar samkvæmt samningi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og sveitarfélagið Norðurþing. Þessir samningar tryggja húsaleigu og starfsmann að hluta, en til að geta viðhaldið tækjabúnaði og haldið úti þjónustu eru aðrar tekjur nauðsynlegar. Hraðið hefur lagt til hluta stöðugildis á móti ofangreindum samningum og FabLabið hefur einnig notið velvilja fyrirtækja á svæðinu. Sérstakar þakkar eru færðar Jarðböðunum í Mývatnssveit, Hvalasafninu og Húsasmiðjunni fyrir góðar gjafir á árinu.



Rekstrarkostnaður Fab Labsins árið 2022 nam 17,9 mkr. Laun og launatengd gjöld voru hæsti kostnaðarliðurinn þar sem verkefnisstjóri gegnir 70% stöðugildi og aðstoðarmaður 20%. Þar sem þetta fyrsta rekstrarár Fab Labsins fór að stærstu leyti í kynningarstarf var lítið um seld námskeið en sá liður mun vaxa strax í upphafi árs 2023 þar sem gott framboð verður á námskeiðum í smiðjunni. Ljóst er að styrkir sveitarfélagsins og ráðuneyta er grundvöllur þess að hægt sé að halda úti starfsemi Fab Labsins. Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð um 4.852 þús.kr. og leggur Hraðið til það fjármagn sem upp á vantar. Áhersla verður lögð á að virkja tekjuberandi starfsemi næsta árs og sækja styrki í ýmis verkefni og viðburði.

TEKJUR	
Sveitarfélagið Norðurþing	5.000.000 kr
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	4.000.000 kr
Mennta- og barnamálaráðuneytið	4.000.000 kr
Símenntun og námskeið	0 kr
Skólarnir	0 kr
Samstarfsverkefni og styrkir	0 kr
Samtals	13.000.000

GJÖLD	
Húsnæði leiga	2.616.000 kr
Laun og launatengd gjöld	11.210.012 kr
Verkefnakostnaður	165.484 kr
Vörukaup	2.205.098 kr
Rekstur húsnæðis	1.561.808 kr
Viðhald búnaðar	93.536 kr
Önnur gjöld	0 kr
Samtals	17.851.938 kr

Fjöldi notenda

Fab Lab Húsavík áætlar notendafjölda sinn í samræmi við aðrar smiðjur innan Fab Lab Ísland. Fjöldi heimsóknna í Fab Labið árið 2022 var 1.426 og áætlaður fjöldi árið 2023 er 2.480.

Áætlun gerir ráð fyrir töluverðri aukningu í gestafjölda á árinu 2023 þar sem kynningarstarf á vegum smiðjunnar hefur verið öflugt undanfarna mánuði og eftirspurn aukist.

Fjöldi notenda FabLab Húsavík	Áætlun 2022	Raun des 2022	Áætlun 2023
Grunnskólanemar	280	270	640
Framhaldsskólanemar	220	215	530
Frumkvöðlar	133	118	330
Eldri borgarar	106	48	270
Námskeið	46	24	290
Opið hús	50	83	220
Aðrir	555	668	200
Samtals	1.390	1.426	2.480


Dæmigerð vikudagskrá

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÓSTUDAGUR
8:00 - 9:00	HRADID FRUMKVÖDLAR	NÁMSVER SÉRPARFIR	FSH - PYTHON FORRITUN	-	-
9:00 - 10:00	HRADID FRUMKVÖDLAR	NÁMSVER SÉRPARFIR	FSH - PYTHON FORRITUN	-	HRADID FRUMKVÖDLAR
10:00 - 11:00	-	-	FLH BÓKUNARTÍMAR	FLH BÓKUNARTÍMAR	HRADID FRUMKVÖDLAR
11:00 - 12:00	-	-	FLH BÓKUNARTÍMAR	FLH BÓKUNARTÍMAR	HRADID FRUMKVÖDLAR
12:00 - 13:00	FSH ARDUINO	-	FLH BÓKUNARTÍMAR	-	-
13:00 - 14:00	FSH ARDUINO	BORGARHOLSSK. TVÍVÐID TEIKNUN	-	BORGARHOLSSK. 3D GRUNNUR	-
14:00 - 15:00	-	BORGARHOLSSK. TVÍVÐID TEIKNUN	OPIÐ HÚS	-	-
15:00 - 16:00	HRADID OPIÐ HÚS	ELDRI BORGARAR Á HÚSAVÍK	OPIÐ HÚS	-	-
16:00 - 17:00	HRADID OPIÐ HÚS	ELDRI BORGARAR Á HÚSAVÍK	OPIÐ HÚS	-	-
17:00 - 18:00	-	-	OPIÐ HÚS	-	-
-	-	-	-	-	-
19:00 - 20:00	-	-	-	-	-
20:00 - 21:00	NÁMSKEID VÍNILSKURÐUR	-	NÁMSKEID VÍNILSKURÐUR	-	-
21:00 - 22:00	NÁMSKEID VÍNILSKURÐUR	-	NÁMSKEID VÍNILSKURÐUR	-	-

Húsnæðismál



Miklar framkvæmdir stóðu yfir á árinu 2021 og fram á 2022 þar sem húsnæði Hvalasafnsins var útbúið sérstaklega fyrir Fab Labið. Þar er nú fullbúin smiðja með kennslustofu, smiðastofu, tækjaherbergi og vinnusvæði.



Tækjabúnaður

Fab Lab Húsavík er búið öllum þeim tækjum sem gera smiðjuna að viðurkenndri FabLab smiðju og nauðsynleg eru fyrir frumkvöðla, nemendur og aðra til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni. Eftirfarandi tæki eru nú tilbúin til notkunar:

- Laserskeri, Epilog Fusion Pro 120W - 2021
- Roland Camm-1 GS-24 vínlskeri - 2021
- Stór fræsivél, Shopbot PRS-alpha - 2021
- Fín fræsivél, Roland Modela MDX-20 - 2021
- 3D prentari, Ultimaker 3S - 2021
- 3D prentari, Original Prusa i3 MK3S+ - 2021
- 3D prentari fimm lita Original Prusa i3 MK3S+ - 2021
- 3D prentari resínprentari Anycubic MONO X 4K - 2022
- Phrozen mini resínprentari 8K - 2022
- Auto clam hitapressa 38x38cm - 2022
- Formmótunarvél Mayku Multiplier - 2022

Tölvur og skjáir

- 4 x Lenovo TC M90q I7 - vinnutölvur - 2021
- 12 x Lenovo TC M80q I7 - vinnutölvur - 2021
- 1 x Apple I Mac 27 - 2015



Að lokum

Uppsetning, stofnun og kynning á Fab Lab Húsavík hefur gengið vel en mikið verk er þó enn fyrir höndum.

Það er sérstaklega mikilvægt að kynna betur á næstu misserum, ekki bara hér hjá okkur á Húsavík heldur um allt land, hvað Fab Lab smiðjur geta gert frábæra hluti fyrir þau samfélög þar sem þau eru staðsett. Það á við um alla hópa, allan aldur og alla mismunandi getu einstaklinga.

Þegar einkunnarorðin "*það er hægt að búa til nánast allt í Fab Lab smiðju*" eru sögð þá er það sannleikur sem allt of fáir þekkja eða vita hvernig þau geta nýtt sér.

Ég hlakka mikið til að halda áfram að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem bíða smiðjunnar og þær áskoranir sem sveitarfélagið, skólarnir og fólkið á Húsavík og í nágrenni koma með til okkar í Fab Lab Húsavík.

